

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar matvælaráðherra tollkvótum samkvæmt fríverslunarsamningi milli Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands, samkvæmt 65. gr. B búvörlaga nr. 99/1993 og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005. Reglugerð þessi gildir um innflutning á þeim vörum sem taldar eru upp í 2. gr. frá Bretlandi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollskrárnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr 0406	Ostur og ystingur (*)	01.01. - 31.12.25	11.000	0	0
0406	Ostur og ystingur	01.01. - 31.12.25	19.000	0	0
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum	01.01. - 31.12.25	18.300	0	0

(*) Upprunavörur með vernduðum upprunatáknun (VUT) og/eða verndaðri, landfræðilegri merkingu (VLM) sem fellur undir tollskrárlíð 0406.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt ákvæðum búvörlaga nr. 99/1993. Tollkvótar eru auglýstir á vefsíðu matvælaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar og fram koma frekari upplýsingar um framkvæmd úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Til þess að tilboð teljist gilt skal senda ráðuneytinu staðfest afrit af ábyrgðaryfirlýsingu. Skal ábyrgðaryfirlýsingin berast frá banka, sparisjóði eða váttryggingafélagi á tölvupóstfang ráðuneytisins mar@mar.is. Í ábyrgðaryfirlýsingunni skal koma fram að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt. Einnig er heimilt í stað ábyrgðaryfirlýsingar að greiða andvirði tollkvóta á reikning fjársýslunnar og senda kvittun til ráðuneytisins.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is.

Tilboðsgjafi sá er fær úthlutað tollkvóta skal leysa hann til sín með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs. Úthlutun er ekki framseljanleg.

5. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings vara úr vörulið ex 0406(*) en auglýstum tollkvóta nemur, skal ráðherra úthluta tollkvóta vegna vöruliðarins eftir hlutkesti. Hver tilboðsgjafi skal þó að hámarki hljóta 15% af heildarmagni auglýsts tollkvóta ef viðkomandi vara er skráð í samræmi við reglur um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

6. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 1250/2019, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 65. og 82. gr. búvörlaga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2025. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 1175/2023 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi.

Matvælaráðuneytinu, 15. október 2024.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Elísabet Anna Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 22. október 2024